

Hveragerðisbær  
b/t Guðmundur F. Baldursson  
Breiðumörk 20  
810 Hveragerði

Reykjavík 30. apríl 2019  
UST201903-250/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Breyting á Deiliskipulagi fyrir Lystigarðinn Fossaflöt - Hveragerði**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 26.mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Lystigarðinn Fossaflöt í Hveragerði.

Í greinargerð kemur fram að breytingarnar á gildandi deiliskipulagi felast í tilfærslu á deiliskipulagsmörkum svæðisins norðaustan við grunnskóla vegna áforma um að byggja við hann í átt að lystigarðinum. Auk þess er bætt inn nýjum gönguleiðum næst skólanum.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé nægt rými fyrir aðgengi almennings meðfram ánni svo að útivistargildi skerðist ekki og bendir á skipulagsreglugerð nr. 90/2013 gr.5.3.2.14., þar sem fjallað er um aðgengi almennings að vötn, ám og sjó. Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir kaffihúsi á bökkum Varmár. Umhverfisstofnun leggur til að leggur til að kaffihúsið sé staðsett a.m.k. 50 m frá bökkum árinna til að verndargildi árinna og ásýnd svæðisins raskist ekki.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakei Kristjansdóttir  
sérfræðingur